

Fundarnúmer:	550
Dagsetning:	21.07.2008
Tími:	15:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

100. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikuaginn 21. maí 2008 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Ágúst F. Jakobsson, skólastjóri lagði fram eftirfarandi atriði til umræðu og afgreiðslu;
 - 1.a. Skólastjóri lagði fram til kynningar viðmiðunarstundaskrá fyrir skólaárið 2008-2009. Stundaskráin er óbreytt frá því sem er í gildi á yfirstandandi skólaári. Fræðsluráð gerir ekki athugasemdir við framlagða stundaskrá.
 - 1.b. Skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2008-2009. Fræðsluráð fór yfir skóladagatalið og samþykkti það fyrir sitt leyti að lokinni umræðu.
 - 1.c. Skólastjóri lagði fram yfirlit um starfsmannamál skólans vegna komandi skólaárs, Kristín Ólöf Þórarinsdóttir sækir um launalaust leyfi næsta skólaár. Oddný Helga Sigurðardóttir sækir um aukningu ráðningarhlutfalls úr 85,71% í 100%. Ellen Mörk Björnsdóttir sækir um fastráðningu við grunnskólann. Andrea Björnsdóttir hefur sagt upp starfi sínu við skólann. Að tillögu skólastjóra samþykkir fræðsluráð fyrir sitt leyti að Kristínu Ólöfu verði veitt launalaust leyfi í eitt ár, að ráðningarhlutfall Oddnýjar Helgu verði aukið í 100% og að Ellen Mörk verði fastráðin við skólann frá og með komandi skólaári. Fræðsluráð færir Andreu Björnsdóttur þakkir fyrir vel unnin störf í þágu grunnskólans á liðnum árum. Fræðsluráð hvetur skólastjórnendur grunnskóla og leikskóla til að auglýsa sameiginlega eftir fagfólki til starfa.
 - 1.d. Rætt um skorkort grunnskólans.
2. Önnur mál.
 - 2.a. Guðrún E. Benónýsdóttir, formaður lagði fram bréf frá Foreldraráði Grunnskóla Húnaþings vestra þar sem farið er fram á að tryggt verði að ætíð sé karl og kona til staðar í íþróttamiðstöðinni þegar börn og unglingar sækja íþrótt- og sundtíma. Krafa þessi er sett fram til að unnt sé að sinna eðlilegu og nauðsynlegu eftirliti með búningsklefum beggja kynja. Fræðsluráð hvetur til þess að sveitarstjóri fari yfir málið með skólastjóra grunnskóla og íþrótt- og tómsfundafulltrúa. Fræðsluráði verði gerð grein fyrir niðurstöðu þeirra viðræðna.
 - 2.b. Ragnheiður Sveinsdóttir, fulltrúi kennara bar fram fyrirspurn um hvort einhvern tímann hafi komið til greina að breyta nafni Grunnskóla Húnaþings vestra þannig að heiti hans væri einfaldara og þjálla. Fræðsluráði er ekki kunnugt um slíka umræðu en samþykkir að ræða málið nánar á næsta fundi.

Af hálfu grunnskóla sóttu fundinn Ágúst F. Jakobsson og Ragnheiður Sveinsdóttir. Kristín Eggertsdóttir sótti fundinn f.h. Foreldraráðs Grunnskóla Húnaþings vestra. Gunnar Þorgeirsson og varamaður hans boðuðu forföll.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:00
Guðrún E. Benónýsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Elín Jóna Rósinberg(sign.), Guðmundur Ísfeld(sign.),
Gísli Már Arnarson(sign).